


VMST-N/0205

**Rannsóknir á seiðastofnum
Gljúfurár í Húnaþingi árið 2001**

**Bjarni Jónsson
Eik Elfarsdóttir**

Norðurlandsdeild

Júní 2002



Veiðimálastofnun
Institute of Freshwater Fisheries

Inngangur og aðferðir

Gerð var athugun á seiðastofnum Gljúfurár 1. ágúst 2001. Markmið þessara athugana var að fá yfirlit yfir árgangastyrkleika og útbreiðslu seiða, vöxt og afkomu í Gljúfurá. Á grundvelli þessara upplýsinga er mat lagt á heildarástand seiðastofna Gljúfurár. Sambærilegar athuganir hafa verið gerðar á seiðastofnum Gljúfurár í Húnaþingi á undanförunum árum.

Ástand seiðastofna í Gljúfurá var kannað með rafveiðum. Í ágúst 2001 var rafveitt á fjórum stöðum í Gljúfurá. Veitt var á sömu stöðum og undanfarin ár. Stærð rafveiðistaða var á bilinu $400\text{m}^2 - 900\text{m}^2$ en hún var minni á stöðum þar sem meira virtist af seiðum eða að aðstæður í ánni leyfðu ekki stærra veiðisvæði. Veidd var ein umferð á hverjum stað. Rafveiðistaðir voru valdir með það að augnamiði að fá sem heildstæðasta mynd af seiðabúskap vatnasvæðisins. Af þeim sökum er þeirri aðferð beitt að veiða sem víðast á vatnasvæðinu og rafveiðum valinn staður eins og kostur er á grýttum köflum í ánni þar sem von er meiri seiðaframleiðslu og fleiri árganga seiða.

Veiðin 2001

Alls voru skráðir veiddir 51 lax í Gljúfurá sumarið 2001. Þar af var engum sleppt samkvæmt veiðibókum (tafla 1). Hlutfall hænga og hrygna var svipað, 24 hængar og 26 hrygnur (einn lax var ókyngreindur). Stærstur hluti hænganna voru smálaxar, eða 18 en hlutfallið hjá hrygnunum áþekkt þar sem 12 reyndust smálaxar. Ef litið er á hlutfall stórlaxa á móti smálöxum þá voru um 60% veiddra laxa smálaxar á móti um 40% stórlaxa (töflur 2 og 3). Laxveiðin dreifðist nokkuð á veiðitímabilið en var mest vikurnar 12.-18 ágúst og 2.- 8. september (mynd 1). Þyngdardreifing laxa er sýnd í heild og eftir kynjum á myndum 2 og 3. Af silungsveiði voru 9 bleikjur færðar til bókar (tafla 1) en ætla má að silungsveiði hafi verið meiri og mikilvægt að sú veiði rati inn í veiðibækur.

Niðurstöður rafveiða og umræða

Á efsta staðnum sem veitt var á í Gljúfurá, fyrir neðan ármót við Selkvísl veiddust eins, tveggja og þriggja ára laxaseiði ásamt eins árs sleppiseiðum (mynd 4; tafla 4). Ekki var unnt að greina að hlutfall tveggja ára náttúrulegra laxaseiða og sleppiseiða á þessum veiðistað. Það er mikilsvert að svo ofarlega í ánni skuli finnast þrjár árgangar náttúrulegra laxaseiða. Vegna þess hve vorgömul seiði eru lengi að dreifa sér koma þau yfirleitt ekki fram í rafveiðum á fyrsta sumri nema mikið sé af þeim eða rafveitt sé mjög nálægt þeim stað þar sem þau klöktust út. Góður vöxtur er á náttúrulegu laxaseiðunum miðað við aðstæður en ekki nema með líkindum hægt að dæma um vöxt sleppiseiðanna sem hafa væntanlega verið fremur smá við sleppingu. Lax virðist því vera búinn að festa sig í sessi á þessu svæði í efri hluta ársinnar.

Á næst efstu stöðinni, á móts við bæinn Uppsali, veiddust bæði tveggja ára náttúruleg laxaseiði og sleppiseiði auk þriggja ára náttúrulegra seiða (mynd 4; tafla 4). Vöxtur þessara seiða var sömuleiðis mjög góður og árgangur tveggja ára seiða ríkjandi á þessum kafla auk sleppiseiðanna. Á þessu svæði virðist vanta inn í árgang eins árs laxaseiða. Á svæðinu er nokkuð um klapparbotn og takmarkar það búsvæði fyrir seiði en þó eru einnig malar, smágrýtis og stórgrýtiskafar inn á milli.

Á næst neðsta rafveiðistaðnum fyrir neðan Þjóðveg og neðri laxastiga, veiddist mikið af vorgömlum laxaseiðum en ekki varð þar vart við eins árs laxaseiði. Talsvert var hins vegar af tveggja ára seiðum og mikið af þriggja ára laxaseiðum.


Vöxtur seiðanna var góður miðað við aldur eins og á rafveiðistöðunum ofar í ánni (mynd 4; tafla 4).

Á neðsta rafveiðistaðnum á broti neðan veiðihúss veiddist mikið af laxaseiðum eins og oftast áður. Eins árs seiði voru mest áberandi en einnig veiddist talsvert af tveggja ára seiðum og vottur af þriggja ára laxaseiðum (mynd 4; tafla 4). Ekki varð vart við vorgömul laxaseiði sem þarf ekki að tákna að þau séu ekki til staðar á þessu svæði, því veitt var nokkuð frá ætluðum hrygningarstöðum. Vöxtur laxaseiða á þessum kafla virðist góður miðað við aðstæður líkt og á öðrum athugunarsvæðum í ánni. Neðsti rafveiðistaðurinn var jafnframt sá eini þar sem einnig veiddust bleikjuseiði, tveir árgangar vorgömul og eins árs seiði (mynd 5; tafla 5).


Almennar umræður

Ástand laxaseiða í Gljúfurá var ágætt sumarið 2001 enda árferði verið fremur hagstætt. Það er mikilvægt að náttúruleg laxaseiði eru dreifð um bæði neðri og efri hluta árinna og að þar sé flesta árganga að finna. Sleppiseiðin dafna vel en eru lítil miðað við aldur. Sleppiseiði hafa hjálpað til við landnám og viðstöðu lax í efri hluta árinna. Gljúfurá er á köflum skjóllítill fyrir seiði þar sem klapparbotn er einkennandi fyrir botngerð. Víða í efri hluta árinna er botngerð hins vegar mjög ákjósanleg fyrir laxaseiði en þar fer þó að vega á móti hæð yfir sjávarmáli, minna magn uppleystra næringarefna og lægri vatnshiti.


Laxagöngur hafa verið misjafnar í Gljúfurá síðustu árin og gæti það haft áhrif á útbreiðslu laxaseiða um ána. Slíkt hefur þó ekki verið mikið vandamál enn sem komið er. Landnám lax í efri hluta árinna virðist viðvarandi. Einnig hafa sleppiseiði verið viðbót við náttúrulega hrygningu í Gljúfurá. Miðað við gott vor 2002 má búast við því að laxaseiði af flestum svæðum árinna skili sér í sjó sem sjógönguseiði í ár. Þau seiði munu svo fara að skila sér sem smálax sumarið 2003 og stórlax ári síðar. Þau seiði sem standa munu undir sjógöngustofni árinna í ár eru fyrst og fremst þriggja ára gömul náttúruleg laxaseiði og stærstu sleppiseiðin. Það sem eftir verður af sleppiseiðum sem komu fram í rafveiðunum sumarið 2001 mun svo ganga til sjávar sumarið 2003. Meginangan sumarið 2001 hefur verið úr neðri hluta árinna en nú í ár dreifist hún um ána. Almennt séð er seiðabúskapur laxa þokkalegur í Gljúfurá og lax hefur í ánni náð útbreiðslu fram fyrir Selkvísl. Brokkgeng laxveiði er áhyggjuefni en aukin útbreiðsla náttúrulegra laxastofna árinna er mikils virði fyrir uppbyggingu laxastofna á næstu árum.




Mynd 1: Vikuleg lax og bleikjuveiði í Gljúfurá árið 2001.




Mynd 2: Þyngdardreifing veiddra laxa í Gljúfurá sumarið 2001.



Mynd 3: Þyngdardreifing veiddra laxa í Gljúfurá sumarið 2001 eftir kyni.



Mynd 4: Lengdar- og aldrisdreifing veiddra laxaseiða í Gljúfurá í ágúst 2001, (ss = sleppiseiði, nn = náttúruleg seiði).



Mynd 5: Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í Gljúfurá í ágúst 2001.

Tafla 1: Fjöldi veiddra og slepptra laxa, urriða og bleikju ásamt afla í Gljúfurá árið 2001.

	Lax	Bleikja	Urriði
Veiði	51	9	0
Sleppt	0	0	0
Afli	51	9	0

Tafla 2 : Fjöldi veiddra laxa eftir kyni í Gljúfurá 2001.

	Hængar	Hrygnur	Ókyngur.	Alls
Veiði	24	26	1	51
Sleppt	0	0	0	0
Afli	24	26	1	51

Tafla 3: Laxveiðin í Gljúfurá 2001. Skipt eftir aldri í sjó og kyni. Skipting milli smálax og stórlax er við 3,5 kg hjá hrygnum en 4 kg hjá hængum (meðalþ. = meðalþyngd í kg).

Ár í sjó	Hængar			Hrygnur			Ókyngur.			Samtals		
	Fjöldi	Meðalþ.	%	Fjöldi	Meðalþ.	%	Fjöldi	Meðalþ.	%	Fjöldi	Meðalþ.	%
1	18	2,6	58,1	12	2,7	38,7	1	2,5	3,2	31	2,6	60,78
2	6	6,4	30,0	14	5,9	70,0			0,0	20	6	39,22
Alls	24	3,6	47,1	26	4,4	51,0	1	2,5	2,0	51	4	

Tafla 4: Þéttleiki veiddra laxaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum í Gljúfurá 1. ágúst 2001 (ss = sleppiseiði).

Staður nr.	Stærð	Aldur					
		0+	1+	1+ ss	2+	2+ ss	3+
Efsta stöð	50x8m		0,25	0,75	0,75		0,25
Næst efsta stöð	15x60m				0,56	0,11	0,22
Næst neðsta stöð	20x30m	4,33			0,83		1,67
Neðsta stöð	40x14m		4,46		1,96		0,18

Tafla 5: Þéttleiki veiddra bleikjuseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum í Gljúfurá 1. ágúst 2001 (ss = sleppiseiði).

Staður nr.	Stærð	Aldur					
		0+	1+	1+ ss	2+	2+ ss	3+
Efsta stöð	50x8m						
Næst efsta stöð	15x60m						
Næst neðsta stöð	20x30m						
Neðsta stöð	40x14m	0,36	0,18				